

Fundargerð

Fjarfundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar miðvikudaginn 15. apríl 2020 og hófst hann kl. 14.30. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Eva María Jónsdóttir varaformaður, Anna Sigríður Þráinsdóttir, Ásgrímur Angantýsson og Steinunn Stefánsdóttir. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Endurskoðun íslenskrar málstefnu

Við endurskoðun málstefnunnar skiptir stjórnin með sér verkum á eftirfarandi hátt:

- | | |
|---|--|
| 1. Formáli: Ármann | 6. Menning og miðlar: Anna Sigríður |
| 2. Stjórnsýsla og alþjóðasamstarf: Eva María | 7. Netíð: Anna Sigríður og Steinunn |
| 3. Háskólar og rannsóknastarf: Ármann og Ásgrímur | 8. Atvinnulífið: Eva María |
| 4. Skólakerfið: Ásgrímur | 9. Viðhorf til íslensku: Ármann og Eva María |
| 5. Fjölmennning og fjölyngi: Steinunn | 10. Lokaorð: Ármann |

Tímaáætlun: Allir stjórnarmenn verði búnir að gera sér vel grein fyrir efni síns kafla og komnir með punkta (ca ½-1 bls.) fyrir næsta fund. Miðað er við að fyrstu drög að köflum verði tilbúin 10. september.

Endurskoðun: Mikil vinna var lögð í síðustu málstefnu og kanna þarf hvað hefur breyst og hnykkja á því sem ekki gekk eftir (sjá einnig vinnuskjal frá 2015: <http://islenskan.is/images/Islensk-malstefna-fimm-ara-stadan-metin.pdf> og <http://islenskan.is/images/Islensk-malstefna-fimm-ara-ahersluatriði.pdf>). Lagt var til að líta á endurskoðun málstefnunnar sem nýtt verk en ekki nýja uppfærða útgáfu af eldri bók. Jafnframt var lagt til að hafa textann frekar stuttan og hnitmiðaðan. Taka þarf tillit til þingsályktunar nr. 36/149 um efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi (<https://www.althingi.is/altext/149/s/1750.html>).

Kynningarmál: Umræður urðu um mikilvægi þess að kynna málstefnuna vel og koma henni á framfæri. Rætt var um að miðlun á efni hefði breyst frá því þegar fyrri málstefna var samþykkt og að huga þyrfti vel að því hvaða leiðir eru heppilegastar við miðlun. Fyrir utan að gefa nýja málstefnu út sem bók og pdf-skjal var lagt til að nota einnig fjölbreyttari leiðir, t.d. einhvers konar margmiðlun. Tillaga kom fram um að hver kafli málstefnunnar yrði tekinn og kynntur sérstaklega.

2. Stefna Íslenskrar málnefndar 2020–2024.

Megináherslur verða fjórar á þessu kjörtímabili:

1. Viðhorf til íslensku 2020
2. Íslenska í skólakerfinu 2021
3. Netíð 2022
4. Fjölmenningsamfélagið 2023

Ármann hefur samið drög að stefnuskrá og er hún eins konar starfsáætlun fyrir næstu ár. Þrjú af þeim atriðum, sem eru á stefnuskránni, voru einnig í öndvegi 2015–2019 en skerpa þarf á því sem þar kom fram. Viðhorf til íslensku er nýtt áhersluatriði. Áhersluatriðin endurspeglast í næstu málræktarþingum og ályktunum um stöðu íslenskrar tungu.

3. Málræktarþing

Málræktarþing verður haldið í sal Þjóðminjasafnsins 26. september og fjallar um viðhorf til íslensku. Að þessu sinni myndi málþingið fyrst og fremst snúast um að niðurstöður úr rannsóknum. (Rannsóknarverkefni Íslenska sem námsgrein og kennslutunga (Finnur Friðriksson), Stafrænt sambýli íslensku og ensku (Sigríður Sigurjónsdóttir) og Staða ensku á Íslandi (Birna Arnbjörnsdóttir)). Miðað verður við að hafa fjögur erindi á málræktarþinginu auk þess að kynnt verður árleg ályktun um stöðu tungunnar og veittar viðurkenningar.

4. Kynningarmál

Íslensk málnefnd hefur opnað reikning á Twitter og hefur fengið góð viðbrögð. Hugmyndin með Twitter-reikningi Íslenskrar málnefndar er að vekja umræðu og fá fólk til að tala um íslensku á jákvæðan hátt. Hugsanlega verður hægt að nota Twitter til að kynna málstefnuna.

5. Önnur mál

a. Þingi norrænu málnefndanna frestað

Vegna kórónuveirunnar COVID-19 hefur verið ákveðið að fresta um ár málþingi norrænu málnefndanna sem átti að halda í Ósló 26.–28. ágúst. Fundur í netverki norrænu málnefndanna verður haldinn sem fjarfundur.

b. Þingi EFNIL frestað

Af sömu ástæðu hefur verið ákveðið að fella niður ráðstefnu EFNIL (European Federation of National Institutions for Language) sem átti að halda í Króatíu 30. september – 2. október.

c. Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 13. maí.

Fleira gerðist ekki; fundi slitið kl. 15.45.

Árman Jakobsson
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.